

Ed. **576. Frumvarp til laga** [160. mál]
um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkswið land-
læknis og störf héraðslækna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.) komi
einn liður, svo hljóðandi:

19. *Súðavíkurhérað*: Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur,
Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Lækn-
issetur í Súðavík.

Íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps eiga þó jöfnum höndum tilkall til hér-
aðslæknis á Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.